

Kennsluáætlanir 2025 – 2026

Birtar á heimasíðu skólans og með fyrirvara um breytingar

Textílmennt 8.bekkur 2025-2026

Markmið, kennsluaðferðir og kennarar

Textílmennt er stór hluti íslenskrar menningar og listasögu eins og útsaumur, prjón og vefnaður. Textílnám byggist á þekkingu á efnum, vinnuferlum og hefð nýtingar og endurnýtingar. Textíll er órjúfanlegur hluti daglegs lífs, fatnaður, rúmföt, handklæði, mottur, skrautmunir og margt fleirra. Einnig hefur hann félagslegt gildi þar sem fólk mótar sinn persónulega stíl. Í nútímasamfélagi er brýnt að draga úr sóun með endurnýtingu og kenna nemendum slíka tækni til að nýta sér í eigin sköpun.

Mikilvægt er að þjálf huga og hönd, að finna ánægjuna með eigin sköpun og þurfa ekki að flýta sér því að góðir hlutir taka tíma.

Kennari: Brynja Helga Kjartansdóttir, brynja.h.kjartansdottir@seltjarnarnes.is

Í allri vinnu í textílmennt er lögð áhersla á eigin sköpun og persónulegt handbragð. Nemendur þjálfast í helstu aðferðum greinarinnar, s.s. í handsaumi, prjóni, sníðavinnu, vélsaumi o.fl. Áhersla er lögð á nýtni og endurnýtingu. Nemendur kynnst verkfærum og fræðast um textíl í daglegu lífi, fyrr og nú.

Kennarinn leggur inn verkefni, sýnir aðferðir og vinnubrögð og aðstoðar nemendur þegar þess er þörf og leiðbeinir með uppbyggilegu samtali. Rík áhersla er á að nemendur þjálfist í því að verða sjálfbjarga; vinni sjálfstætt, geri tilraunir og prófi sig áfram bæði í sköpun og aðferðum.

Kennari: Brynja Helga Kjartansdóttir, brynja.h.kjartansdottir@seltjarnarnes.is

Námsmat

Námsmatið er byggt á hæfniviðmiðum, lykilhæfni og matsviðmið fyrir verkgreinar. Í námsmati er tekið tillit til framförum hvers og eins nemenda og árangurs miðað við getu. Nemendur hafa tækifæri á að bæta sig með símati alla lotuna og hefur vinnusemi og frágangur áhrif.

- Hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda eru metin í bókstöfum (A, B+, B, C+, C, D).

Námsaðlögun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur vinna á eigin forsendum, eftir getu sinni og undir leiðsögn
- Kennarar veita bráðgerum nemendum tækifæri til að dýpka námsefnið hverju sinni
- Sérkennarar og faggreinakennarar vinna saman að því að finna leiðir og verkefni sem henta þroska og getu nemenda
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem geta ekki fylgt skólanámskrá

Hlutverk og vinnulag nemandans

Hér koma fram viðmið um:

Samskipti	Samskipti nemenda og kennara eiga að einkennast af virðingu og tillitssemi. Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni og hegðun í skólanum.	Viðbrögð við ritstuld	Öll skapandi vinna nemenda skal vera hugaverk þeirra sjálfra, ekki efni sem þau endurtaka eða afrita frá öðrum.
Mæting og virkni í tímum	Kennari og nemendur mæta stundvíslega í tíma og eyða ekki of löngum tíma í að skapa þá ró sem er forsenda skemmtilegrar vinnu. Ætlast er til að nemendur nýti tímann eins og best er á kosið.	Heimavinna og hjálpargögn	Engin heimavinna er í þessari lotu.
Hlutverk nemenda	Mikilvægt er að nemendur fylgist vel með innlögnum og sýnikennslu. Eftir það reyna þeir að vinna sjálfstætt, hjálpast að eða bíða þolinmóðir eftir aðstoð kennara. Við lærum líka af því að leiðbeina og hjálpa hvort öðru. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum. Nemendur vinna einstaklingsbundið og skila verkefnum þegar þeim er lokið.	Hlutverk kennara	Kennarinn leggur inn verkefni, sýnir aðferðir og vinnubrögð og aðstoðar nemendur þegar þess er þörf. Rík áhersla er á að nemendur þjálfist í því að verða sjálfbjarga og öðlast þannig færni í að leysa vandamál. Kennarinn skal vera vel undirbúinn og reyna að miðla þekkingu og kunnáttu til nemenda eftir bestu getu, leita nýrra leiða, afla sér nýrrar þekkingar og reyna að læra og gera betur. Hann skal leggja áherslu á góða umgengni, jákvæð samskipti, sáttfýsi, umburðarlyndi og kurteisi.

Lykilhæfni í námsgrein

Lögð er áhersla á eftirfarandi lykilhæfni viðmið í námsgreininni:

Nemandi getur:

- leyst fjölbreyttar áskoranir á skapandi hátt
- sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum
- unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi
- skipulagt, ígrundað og borið ábyrgð á eigin námi

Námsáætlun

Tímabil og viðfangsefni Lotur í 8. bekk 6-7 vikur í senn	Hæfniviðmið Byggð á matsviðmiðum við lok 10. bekkjar. Sjá nánar í skólanámskrá.	Námsmat	Kennsluaðferðir	Námsefni
Rennilása verkefni 2-3 vikur Nemendur sauma tölvutösku, snyrtitösku eða pennaveski	<i>Nemandi getur:</i> - Skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt. - Unnið með snið. - Notað helstu tækni til að búa til textílverk. - Unnið sjálfstætt og í hóp og hjálpast að. - Sýnt góða umgengni á vinnusvæði.	Full unnið rennilása verkefni verður grundvöllur mats og virkni í tímum. Nemendur hafa val um hvaða aðferð þeir nota til að skreyta verkefnið, hvaða verkefni þeir velja sér og hvernig þeir útfæra það og hefur það áhrif á námsmatið.	Kennari hefur innlögn og sýnikennslu og útskýrir hvers er ætlað í hverjum tíma og aðstoðar nemendur eftir þörf. Nemendur myndskreyta efni. Búa til snið, klippa efni og festa á rennilás. Setja mynd af verkefnum á classroom.	Verkþæðakista sem nemendur geta nýtt sér og er inn á þeirra classroomi. Námsefni: handbók í textíl: https://vefir.mms.is/flettibaeku/r/namsefni/handbok_textilmennt/192/
Prjón Öll lotan samhliða öðrum verkefnum Nemendur velja verkefni við hæfi.	<i>Nemandi getur:</i> - Unnið með uppskriftir. - Notað helstu tækni til að búa til textílverk. - Þekkt mun á helstu táknum og merkingum textílefna og nýtt sér í daglegu lífi. - Unnið sjálfstætt og í hóp og hjálpast að. - Sýnt góða umgengni á vinnusvæði.	Prjónaverkefni verður grundvöllur mats Nemendur bæta við sig kunnáttu í prjóni og velja sér verkefni í samræmi við það.	Kennari hefur innlögn og útskýrir mun á mismunandi tegundum af garni og aðferðum. Nemandi velur garn og prjóna sem henta uppskrift og notagildi og með umhverfis sjónarmið í huga. Lærir um merkingar textílefna, kynnist prjóna hönnuðum og listamönnum. Setur inn mynd af verkefni á classroom	
Endurvinnsla 1.vika	<i>Nemandi getur:</i> - Nýtt endurunnin efni í textílvinnu og sett í samhengi við sjálfbærni. - Notað helstu tækni til að búa til textílverk.	laka afurð verður grundvöllur mats og virkni í tímum. Nemendur fá frjálst val hvað þeir vilja sauma og hanna en	Kennari hefur sýnikennslu og innlögn með mismunandi aðferðum í endurnýtingu textílefna. Kennir nemendum mikilvægi þess að endurnýta	

	• Unnið sjálfstætt og í hóp og hjálpast að. • Sýnt góða umgengni á vinnusvæði.	Þeir þurfa að nýta sér efni sem þau endurnýta og er því tilvalið að koma með gamlan textíl eða flíkur að heiman sem hægt er að laga eða endurhanna úr.	textíl og huga að umhverfinu. Hvetur til skapandi hugsunar og vinnu. Nemendur gera tilraunir í endurnýtingu og verkefni. Velur sér aðferðir og efni sem henta verkefninu. Frjáls útfærsla. Setur inn mynd af verkefni á classroom	
Flos 1.vika	<i>Nemandi getur:</i> • Skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt. • Notað helstu tækni til að búa til textílverk. • Unnið sjálfstætt og í hóp og hjálpast að. • Sýnt góða umgengni á vinnusvæði.	Flosverkið verður grundvöllur mats og virkni í tímum Nemendur fá frjálst val um myndefni og hvaða aðferð þeir velja sér að loka frágangi sem mun hafa áhrif á notagildi verkefnissins.	Kennari hefur innlögn og sýnikennslu og kynnir flos tækni fyrir nemendum og mismunandi notagildi þess. Og aðstoðar nemendur eftir þörf. Nemendur skapa sitt eigið myndefni með notagildi í huga og beita mismunandi tækni til þess	